

## Umsögn íbúaráðs Breiðholts, dags. 3. maí 2023, um matsáætlun vegna framkvæmda við gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar, að teknu tilliti til Borgarlínu.

Til kynningar var matsáætlun vegna umhverfismats breytinga á gatnamótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegar og leiðar Borgarlínu á milli Stekkjarbakka og Vogabyggðar sem Vegagerðin og Reykjavíkurborg hafa lagt fram, umsagnarfrestur var til 27. apríl 2023 en vegna fundartíma náðist ekki að leggja málið fyrir á dagskrá ráðsins og óskar formaður að tekið verði tillit til þessa.

Matsáætlunin er upphafið frekari undirbúningi framkvæmdarinnar og fleiri tækifæri munu skapast fyrir hagsmunaaðila til að koma athugasemdum á framfæri. Eftir kynninguna vöknudu upp spurningar og vill íbúaráð Breiðholts koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

- Gæta þarf vel að því að tímabundnar breytingar á flæði bílaumferðar dragi ekki úr öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda í hverfinu.

- Tryggja þarf að almenningssamgöngur raskist ekki og að gott aðgengi verði að biðskýlum

- Elliðaárdalurinn er mikilvægt útivistarsvæði íbúa hverfisins auk þess að í gegnum framkvæmdasvæðið liggur einn af stofnstígum hjólréiða, fjölmenn samgönguæð úr austur borginni inn í vestur hluta Reykjavíkur sem verður að huga að og tryggja aðgengi.

Í matsáætluninni eru taldar til ólíkar útfærslur á gatnamótunum og legu sérbrautar Borgarlínunnar samhliða og við Reykjanesbraut. Þeim er lýst með grófum hætti en engin ýtarlegri gögn varpa ljósi á kosti og galla sem fylgja hverri útfærslu. Vekur það furðu íbúaráðsins í Breiðholti að engin útfærslanna er hugsuð með stoppustöð Borgarlínu sem leiðir annars vegar vegfarendur inn í útivistarparadís Elliðárdalsins og hinsvegar inn í Fossvogsdal að útivistarmöguleikum og íþróttamannvirkjum Víkings. Með því er verið að beina farþegum sem eiga leið inn á þessi tvö grænu svæði borgarinnna í gegnum skiptistöðina í Mjódd eða Vogabyggð. Báðar staðsetningarnar verða fjölmennar samgöngutengingar og löng leið fyrir gangandi inn á græn svæði, sérstaklega fyrir fólk með skerta hreyfigetu og börn. Í ljósi þessa vill ráðið hvetja til þess að stoppustöð verði hugsuð, sett inn í hugmyndavinnuna með hliðsjón að því stígakerfi inn í dalina báða og er þegar er tilstaðar einmitt til tryggja aðgang allra.

Sara Björg Sigurðardóttir formaður